

- 22.3. Reglugerðarbreyting öðlast því aðeins gildi að hún hafi verið samþykkt með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða fulltrúa á ársfundi sjóðsins og hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis.
- 22.4. Breytingar á bótaákvæðum gildi jafnt um áunnin bótaréttindi sem framtíðar réttindi.

### 23. Gildistaka.

- 23.1. Reglugerð þessi gildir frá 1. júlí 1996.

Framangreind reglugerð þannig samþykkt á ársfundi sjóðsins 28. júní 1996.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 4. september 1996.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Hermann Jónasson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Skeiðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeiðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert býli (búrekstur og íbúð), aðrar íbúðir, sumarhús og fyrirtæki. Gjaldið skal innheimt með gjalddaga 1. maí ár hvert og eindaga 1. júní.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Býli .....	kr. 5 500	Íbúðir .....	kr. 2 500	
Fyrirtæki .....	kr. 3 000	Sumarhús.....	kr. 1 500	

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skeiðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Árið 1996 verður gjalddagi 1. október og eindagi 1. nóvember.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. september 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*